

Stafræn endurgerð menningarefnis

Dóra Ingvadóttir, framkvæmdastjóri Útvarpsins

Á fyrstu árum og áratugum Útvarpsins var mest af efni þess flutt beint. Þó var farið að taka efni upp á lakkplötur og það elsta sem til er í fórum Ríkisútvarpsins eru upptökur frá árinu 1936, sem gerðar voru utan húss. Elsta leikritsupptaka er hins vegar 10 árum yngri eða frá 1946 og er það söngvaleykurinn Ævintýri á gönguför. Frá svipuðum tíma er töluvert varðveitt af efni, bæði töluðu orði og tónlist.

Stálþráðurinn kom til sögunnar 1947, en lagðist af eftir tvö ár þar sem hann reyndist ekki vel og hann var ónothæfur við upptökur á tónlist. Segulböndin komu ekki fram fyrr en 1950. Þau höfðu þann mikla kost að þar var hægt að lagfæra efnið með því að klippa það og skeyta svo saman nokkurn veginn að vild. Þetta gamla efni Útvarpsins er misvel varðveitt og skráð. Þarna er að finna þverskurð af efni úr útvarpsdagskránni eins og hún var á hverjum tíma, bæði talað mál og tónlist. Hljóðritasafni Útvarpsins má skipta niður í þrjá meginflokka:

1. Elstu plötur Útvarpsins sem þar voru skornar
2. Segulbandasafnið
3. Íslenskar útgáfuplötur, þ.e. 78 snúninga plötur

Mikilvægt er leggja fyrst áherslu á stafræna yfirlýsingu á menningararfinum sem nær fram til 1960, en á sjötta áratugnum var unnið jafnhendis með plötur og bönd. Elstu segulböndin eru yfirleitt mjög þunn og vandmeðfarin og sum þeirra verða varla spiluð nema einu sinni við yfirlýsingu á geisladiska. Öll yfirlýsing á þessu gamla efni er tímaflek því að það tekur rauntíma að færa af hliðrænu formi yfir í stafrænt, þ.e. 60 mínútna þáttur tekur sama tíma í yfirlýsingu, þegar ekkert þarf að lagfæra. Þá er aðeins verið að tala um að bjarga menningarverðmætum sem eru að hverfa úr höndum okkar. Síðan þarf að hljóðhreinsa efnið og skrá það.

Til þess að gefa aðeins gleggri mynd af því í hvernig ástandi gömlu lakkplöturnar eru, er hér örstutt mynd- og hljóðbrot af vinnu við yfirlýsingu þess. Þarna sést líka hvernig sumar plöturnar líta út.

Hljóð og myndskrá

Þegar plöturnar eru í því ástandi sem þarna var sýnt, lakkið er farið af að hluta, þá er að sjálfsögðu ekki hægt að bjarga þeim hluta af efninu, aðeins er hægt ná hljóðinu af innri hlutanum sem sýnishorni.

Skráningin getur verið álíka tímafrek af því að upplýsingar um þetta efni eru misgóðar og sumt verður ekki skráð nema með þeirri reynslu sem nú er innan stofnunarinnar og vitneskjan er skráð um leið og yfirlýsing á geisladiska er gerð.

Ástandið á gömlu plötunum versnar með hverju ári sem líður og því hefur aðaláherslan verið lögð á að yfirlýsingar efnið á þeim og skrá það niður eins og þekking leyfir. Til eru um 4000 stórar plötur og rúmlega 5000 litlar eða samtals rúmlega 9000 plötur. Lokið er við að yfirlýsingar efni af rúmlega sex hundruð stórum plötum og einnig er búið að hljóðhreinsa um helming þessa efnis. Á þessu sést að mikið verk er fyrir höndum en það ætti að ganga hraðar þegar kemur að minni plötunum. Áætlað hefur verið miðað við fyrri reynslu að það taki um 4000 klst. u.þ.b. tvö ársverk að ljúka við yfirlýsingar og grunnskráningu á plötunum. Þá fyrst verður vitað nákvæmlega hvað hefur varðveist og hversu mikla vinnu þarf að leggja í hljóðhreinsun en hún er einnig tímafrek og nauðsynleg til þess að hægt sé að njóta efnisins og nýta það til útvarpsflutnings.

Yfirlýsingar af elstu böndunum í segulbandasafninu er einnig brýn vegna ástands þeirra eins og áður sagði, en yfirleitt fylgja þeim betri upplýsingar en plötunum. Þegar efnið er komið á geisladiska er hins vegar mun fljótlegra að yfirlýsingar það í tölvur og þá verður vonandi hægt að nýta þennan menningararf við kennslu og ýmiss konar fræðistörf. Réttindamál hamla því þó að einhverju leyti en Ríkisútvarpið hefur gert samninga við hagsmunasamtök undanfarin ár þannig að þar ætti ekki að vera hindrun.

Hér hefur verið stiklað á stóru um stafræna varðveislu útvarpsfni en það er mun eldra en sjónvarpsfni en vissulega er nauðsynlegt að yfirlýsingar það einnig. Þó að aðeins séu í haust 40 ár síðan Sjónvarpið hóf göngu sína hefur sjónvarpsfni verið geymt í fjölbreyttari hátt en útvarpsfni. Það er erfiðast við þetta gamla efni, og það á bæði við um útvarps- og sjónvarpsfni að tæknin er alltaf að breytast og það verður erfiðara að yfirlýsingar það með tímanum. Tækin, sem voru notuð við upptöku og afspilun, eru úrelt og þekking á viðhaldi og vinnslu á þeim hverfur brátt.

Það er því aðkallandi að hraða yfirlýsingar á þessu gamla efni í stafrænt form þannig að ómetanlegur menningararfur hverfi ekki. Til þess að svo megi verða þarf nokkurt fé og væntum við þess að í samstarfi við Menntamálaráðuneytið og verkefnið “Stafræn menning í þágu menntunar” verði hægt að hraða verkinu.

Vefur Ríkisútvarpsins ruv.is hefur aukið möguleika á fylgjast með dagskrám Ríkisútvarpsins þegar fólki hentar. Þar er innlent efni yfirleitt geymt a.m.k. í hálfan

mánuð. Þar eru líka ýmsir sérvefir sem Útvarpið hefur unnið í samstarfi við aðra, t.d. um Hernámið, Íslandssögu, Lýðveldið, Nóbelskaldið, Passíusálma auk lifandi vefja sem tengdir eru barnaefni í dagskrá útvarps og sjónvarps þ.e. Vitanum og Stundinni okkar.

Útvarpið notar ennþá segulbönd en þau eru að hverfa af markaði. Undanfarin þrjú ár hefur undirbúningur staðið yfir að því að færa alla þáttagerð í stafrænt form. Þetta er dýrt og spennandi verkefni sem er nánast óumflýjanlegt ef við ætlum að starfrækja almannþjónustuútvarp í framtíðinni. Sagt er að þetta sé meiri bylting í útvarpi en þegar segulbandið kom fyrir rúmum 50 árum, eða nokkurs konar menningarbylting í jákvæðri merkingu. Allt opnar þetta nýja möguleika á miðlun efnis og fjölgun rása.

Verkefnin eru óþrjótandi, það er aðeins spurning hversu hratt við getum unnið þau.

Takk fyrir.